

Samfélagsgreinar 7. bekkur

Kennarar: Arna Véný Guðmundsdóttir; Ása Björg Freysdóttir; Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir

7

Lýsing

Samfélagsgreinar leggja grunn að sjálfsþekkingu og félagsvitund nemenda. Trúarbrögð og siðfræði, lýðræði og mannréttindi í fortíð, nútíð og framtíð, heimurinn og sjálfbærni eru meðal viðfangsefna samfélagsgreina. Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar eru sett fram í sex flokkum: Vinnulag samfélagsgreina (gegnumgangandi í öllu námi og kennslu), Sjálfsmynd, Siðferði og trú, Borgaravitund, Saga og Jörðin okkar. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir samfélagsgreinar 7. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfunði að hausti (sbr.: *Námsskygning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar **vikúáætlunum** kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 5 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námshættir og viðfangsefni samfélagsgreinum taka mið af **hæfniviðmiðum** árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námshættir og viðfangsefni í samfélagsgreinum 7. bekkja á skólaárinu eru þessi:

- Evrópa* - almenn einkenni álfunnar, helstu lönd og samvinna þeirra
- Ferðaskrifstofuverkefni* - hópvinna og kynning
- Hindúatrú* - helgiritin, Brahman, guðlegir sendiboðar, þroski sálarinnar, fjölskyldulíf, musteri, pílagrímsferðir, hátíðir
- Búddhatrú* - gimsteinarnir þrír, Búddha, dharma, sangha, útbreiðsla trúarinnar, mismunandi stefnur, helgiritin, fjölskyldulíf
- Nýöld* (1520-1900) - siðaskiptin, konungsvald, menning og menntun, bændasamfélagi, Reykjavík, sjálfstæðisbaráttan, efnahagsfrelsi
- "Skókassaverkefni"*: - hópverkefni í sögu og kynning
- Lífsleikni* - Barnasáttmálinn, bekkjarfundir, leikir, bekkjarumsjón, vettvangsferðir o.fl.
- Vettvangsferðir og útikennsla

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í samfélagsgreinum 7. bekkja taka mið af **leiðsagnarnámi**.

Melaskóli nýtir sér **fjölbreytta kennsluhætti** innan allra árganga til að styrkja samfélagsgreinar, m.a.: markvissar innlagnir kennara, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, bekkjarfundir, útikennsla, kannanir, próf og heimavinnu.

Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnni hátt og fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju, virðingu og þýðingu þeirra fyrir velferð og farsælt líf einstaklinga og samfélaga. Samfélagsgreinum er ætlað að flétta saman þekkingu, færni og tilfinningum sem byggjast á upplifun og sköpun nemandans.

Menntagildi samfélagsgreina felst í að þroska félagsfærni og styrkja jákvæða sjálfsmynd nemenda. Fjölmörg hæfniviðmið samfélagsgreina eiga

við grunnþættir menntunar og teljast því til lykilhæfni.

Með umræðu- og spurnaraðferðum og rökræðum er gagnrýn hugsun nemenda eflað. Í hópvinnu (sbr. söguaðferð, þemanám, landnámsaðferð) læra nemendur um samvinnu og samkennd ásamt því að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust. Leitaraðferðir (s.s. vettvangsferðir, heimildavinna, viðtöl, skólasafnið o.fl.) skipa drjúgan sess í námi og kennslu samfélagsgreina á miðstigi í Melaskóla.

Á miðstigi er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu (sbr. jólaeikrit), heimildavinnu, gagnrýna hugsun og samvinnu heimila og skóla. Þar sem því er komið við er farið í vettvangsferðir og áhugaverðir staðir, stofnanir og söfn heimsótt. Árgangurinn fer í skólabúðir að Reykjum á vörönn. Námið er samþætt við aðrar námsgreinar og unnið með heildstæð verkefni. Þau eru lögð fyrir með skýrum hæfni- og matsviðmiðum. Nemendur leita upplýsinga, rannsaka, vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar.

Áherslan í samfélagsgreinum er á landafræði, sögu, trúarbragðafræði og lífsleikni.

Landafræði - Evrópa er viðgangsefni landafræðinnar. Áherslan er á innlagnir kennara, einstaklingsvinnu (vinnubók), samvinnu og gagnrýnar umræður, kortalestur, upplýsingaleit og heimildavinna (sbr. leitarnám). Samþætting er við bókasafn, íslensku, náttúrugreinar (sbr. orka og orkuauðlindir), upplýsinga- og tæknimennt (sbr. heimasíðu- og/eða skygggnugerð, Classroom) um að efla upplýsingalæsi nemenda. Nemendur vinna para- og/eða hópverkefni (t.d. ferðaskrifstofuverkefni), í anda þemanáms, og kynna það.

Saga - áherslan í sögu er á nýöld, þ.e. tímabilið 1520-1900. Áherslan er á innlagnir kennara, einstaklingsvinnu, samvinnu, gagnrýnar umræður. Samþætting er við bókasafn, upplýsinga- og tæknimennt. Nemendur vinna para- og/eða hópverkefni (t.d. "Skókassaverkefni"), í anda söguaðferðar, og kynna það.

Trúarbragðafræði - nemendur fræðast um hindúatrú og búddhatrú. Áherslan er á innlagnir kennara, einstaklingsvinnu, samvinnu, umræðu- og spurnaraðferðir.

Lífsleikni: Í lífsleikni fást nemendur m.a. við Barnasáttmálann (réttindi, forréttindi, ábyrgð og skyldur), taka þátt í reglulegum bekkjarfundum, fræðast um náms- og starfsleiðir (sbr. námsráðgjafi), ræða um forvarnir gegn einelti og öðru ofbeldi, sinna vikulegu bekkjarumsjón, ræða um heilbrigði og velferð, hagsæld og farsæld, sjálfsmynd, samskipti og félagsmótun o.fl. Áherslan er á bekkjarfundi, inni- og útileiki til að efla félagsfærni nemenda og styrkja sjálfsmynd þeirra, vettvangsferðir, samvinnu, viðtöl, umræðu- og spurnaraðferðir.

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kafla 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja náms hæfni, náms hvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í samfélagsgreinum 7. bekkja byggir á fjölbreyttu *hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum - könnunum-skimunum (stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjölmörg *matsverkefni* í samfélagsgreinum eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunnum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í samfélagsgreinum 7. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyimum að þessum markmiðum.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

2025_Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Vinnulag samfélagsgreina

- Geta útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina.
- Get spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.
- Geta tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar.
- Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Geta metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndað sér eigin skoðanir.
- Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum málefnum á fjölbreyttan hátt.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Sjálfsmynd

- Geta lýst sjálum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Geti lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska.
- Geta lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra.
- Geta rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir.
- Geta gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt.
- Geta beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans.
- Geta lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
- Geta sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt.
- Geta gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Siðferði og trú

- Geta dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.
- Geta borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks.
- Geta rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
- Geta gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Borgaravitund

- Geta rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Geta lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta hér á landi.
- Geta áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins.
- Geta sett sig inn í málefni samfélagsins, áttað sig á möguleikum til áhrifa og sýnt það í verki með ábyrgum hætti.
- Geta rætt um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Geta gert sér grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnanna samfélagsins.
- Geta séð gildi slysavarna og þekkt viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.
- Geti fjallað um ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær tengjast lífi einstaklinga.
- Geta gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Saga

- Geta metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.
- Geta fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags.
- Geta útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.
- Geta fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar.
- Geta áttað sig á að sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Jörðin okkar

- Geta notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort.
- Geta lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspor.
- Geta skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.
- Geta varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni.
- Geta skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi.
- Geta skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika.
- Geta fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér.

- Ferðaskrifstofan - Evrópa

Nemendur draga sér eitt **Evrópuland** og vinna saman í hópum. Þau eiga að stofna *ferðaskrifstofu* sem býður ferð/-ir til viðkomandi lands. Nemendur afla sér upplýsinga um landið með heimildum og í anda *leiðsagnarnáms* vinna þeir eftir fyrirfram skilgreindum árangursviðmiðum sem móta matsviðmið verkefnisins. Að lokum kynna þeir verkefnið fyrir foreldrum, forráðamönnum og öðrum.

- Sögueyjan

Lýsing og markmið:

Nemendur velja sér atburð eða persónu sem hefur sett svip sinn á mannkynssöguna.

Námsfyrirkomulag.

Í *Sögueyjunni* (Nýöld: 1520 - 1900) koma fyrir margir atburðir og persónur sem settu svip sinn á söguna. Kennari fer yfir helstu þætti hennar í tímum, sbr. *innlögn*.

Undir lok kennslulotunnar *draga* nemendur sér síðan lokaverkefni, sem er hópverkefni, úr einum af átta meginköflum bókarinnar. Þeir eiga að verða sérfræðingar í viðkomandi kafla og velja sér viðburð eða persónu úr honum sem efnivið í kassann.

Námsmat.

- Upplýsingagildi og innihald verkefnisins
- Vönduð vinnubrögð
- Áhugi og virkni á meðan vinnu stendur
 - Áhugi og umræður í tímum

A. Upplýsingagildi, innihald og vinnusemi til fyrirmyndar. Mjög athyglisvert verkefni.

B. Upplýsingagildi, innihald og vinnusemi gott/góð. Athyglisvert og frumlegt verkefni.

C. Upplýsingagildi, innihald og vinnusemi sæmlega gott/sæmilega góð. Vantar nokkuð upp á að verkefnið sé athyglisvert og frumlegt.



Evrópa - lesbók

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/evropa/>)



Evrópa - vinnubók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/evropa_vinnubok/)



Ég og samfélagið

Námsbók - rafæn

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/eg_og_samfelagid/)



Búddhatrú - Leiðin til nirvana

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/buddhatru/>)



Barnasáttmálinn

Vefur

(<https://www.barnasattmali.is/>)



Ertu? Vinnubók í lífsleikni

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ertu/>)



Ég og sjálfsmyndin

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/eg_og_sjalfsmyndin/)



Trúarbragðavefurinn

Vefur

(<https://vefir.mms.is/truarbrogd/index.html>)



Kvistir - Myndbútar í náttúrufræði og samfélagsgreinum

Vefur

(<https://www1.mms.is/twig/>)



Jarðfræðivefurinn

Vefur

(<https://www1.mms.is/jardfraedi/index.php>)



Þekktu réttindi þín - bæklingur

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/thekktu_rettindi_thin_baeklingur/)



Þekktu réttindi þín - verkefnabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/thekktu_rettindi_thin_vb/)



Kynfræðslutorg

Vefur

(https://www1.mms.is/kyn_torg/)



Kynfræðsluvefurinn

Vefur

(<https://www1.mms.is/kyn/index.php>)



Hindúatrú - Guð í mörgum myndum

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Hinduatriu/>)